

**Nd.**

**630. Nefndarálit**

[209. mál]

um frv. til l. um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Þingmenn Bandalags jafnaðarmanna hafa þrisvar sinnum flutt frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 81 frá 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, þar sem lagt er til að sú skipulagsbreyting verði gerð á ákvörðun Verðlagsráðs um verð á sjávarafla að lágmarksverð verði ákveðið í frjálsum samningum af fulltrúum fiskkaupenda og fiskseljenda í Verðlagsráði sjálfu. Frumvörpin gera ráð fyrir að niður verði felld 10. gr. laganna þar sem fjallað er um sérstaka yfirnefnd Verðlagsráðs þar sem sæti á meðal annarra oddamaður frá Þjóðhagsstofnun. Breytingin felur það í sér fyrst og fremst að tekið er fyrir bein afskipti ríkisvaldsins af verðákvörðunum á sjávarafla og ábyrgð þess á þeim.

Hlutdeild ríkisvaldsins hefur á undanförunum árum leitt til gengisfellinga, upptöku gengismunar, dreifingar uppsafnaðs söluskatts og þess háttar meðaltalsæfinga í kringum núllpunktinn. Slík stjórnlist kann einhverjum að þykja „pólitískt skynsamleg“ á hverjum tíma en á ekkert skylt við skynsamlega stefnu í efnahags- og atvinnumálum.

Í frumvarpi því um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sem hér er fjallað um, er enn þá að finna óbreytt ákvæði um yfirnefnd eins og er í 10. gr. laganna frá 1974. Undirritaður flytur breytingartillögu á sérstöku þingskjali um að þessi grein verði felld niður úr frumvarpinu. Ef sú breytingartillaga nær ekki fram að ganga mun hann greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Í 6. gr. frumvarpsins er ákvæði um að Verðlagsráði sé heimilt að gefa verðlagningu á tilteknum fisktegundum frjálsa ef sérstaklega standi á að mati ráðsins enda sé einróma samkomulag um það í ráðinu. Í 8. gr. frumvarpsins er nýtt ákvæði um að Verðlagsráð skuli haga verðákvörðunum sínum þannig að það stuðli að bættri meðferð afla, þ. e. að tekið verði mið af gæðum sjávaraflans eftir því sem markaðsaðstæður bjóða upp á. Undirritaður telur bæði þessi ákvæði til bóta og væntir þess að þau móti starfsemi nýs Verðlagsráðs verði frumvarp þetta að lögum.

Alþingi, 25. mars 1985.

Guðmundur Einarsson.